

12 hreppnum móti 120 kr. styrk í sama skyni úr sveitarsjóði, og jafnframt og þjer hafið
10. febr. tekið fram, að engin eiginleg barnaskólastofnun sje komin á fót í Kjalarneshreppi, heldur hafi hreppsnefndin leigt húsrúm á tveim bæjum í hreppnum til að láta þar fram fara barnakennslu sinn mánuðinn á hvorum staðnum frá októbermánaðarbyrjun til aprílmánaðarloka, hafið þjer skotið því til mín, hvort beiðni þessi verði tekin til greina.

Út af þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess að þjer birtið það hlutaðeigendum, að með því að enginn barnaskóli er kominn á fót í Kjalarneshreppi, verður hreppnum eptir þeim reglum, sem hingað til hefir verið fylgt um útbýtingu fjár þess, er ætlað er í fjárlögunum til barnaskóla, ekki veittur neinn styrkur af þessu fje til barnakennslu þeirrar, sem þar fer fram.

13 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um niður-
12. febr. færslu leigumála á þjóðjörð. — Með þóknanlegu brjefi dagsettu 30. desbr. f. á. hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað bænarskrá frá leiguliðanum á þjóðjörðinni Litla-Sandfelli í Skriðdal, er heyrir undir Suður-Múlasýslujarða umboð, um að annað af þeim tveim ásaudarkúgildum, sem jörðinni fylgja, verði tekið af henni eptirleiðis, með því að jörðin eptir ásigkomulagi sínu ekki geti borið 2 kúgildi. Jafnframt hafið þjer sent álit hlutaðeigandi umboðsmanns, hreppsnefndar og sýslunefndar um beiðni þessa og skýrt frá skoðunum amtsráðsins í norður- og austuramtinu og sjálfs yðar á því.

Skýrslur þær, sem þannig eru fram komnar, bera með sjer, að umboðsmaður Suður-Múlasýslujarða hefir í álitsskjali sínu um þjóðjarðirnar í umboði hans og tillögum um byggingu þeirra eptirleiðis, samkvæmt landshöfðingjabrjefi 19. september 1877, talið sanngjarnt, að þjóðjörð sú, sem hjer ræðir um, væri byggð með 50 álna landskuld og tveim kúgildum, og á þær tillögur umboðsmannsins fjellust þá hreppsnefnd og amtsráð. Þó að engar sannanir sjeu fram komnar fyrir því, að umrædd þjóðjörð hafi gengið að neinum mun af sjer, síðan þessar tillögur umboðsmannsins voru bornar upp og samþykktar, hafa hreppsnefnd og sýslunefnd nú haldið því fram, að sanngjarnt væri að taka burt annað kúgildið af jörðunni, en umboðsmaðurinn hefir ekki fundið neina ástæðu til að breyta sinni fyrri skoðun um ástand jarðarinnar og hæfilegan leigumála á henni, en lagt það til, að landskuldin af jörðunni nú þegar eða frá næstu fardögum verði færð niður úr 60 álnum, sem hún er, í 50 álnir, og kúgildin sjeu látin haldast óbreytt. Þessum tillögum umboðsmannsins hefir amtsráðið verið samþykkt, og hafið þjer, herra amtmaður, einnig lagt fram með þeim.

Út af þessu skal yður tjáð, yður til leiðbeiningar og til þess að þjer birtið það, að jeg er yður samdóma um, að ekki sje ástæða til að taka til greina beiðni leiguliðans á Litla-Sandfelli um fækkun kúgildanna á nefndri jörð, en að því er landskuldargjaldið snertir, sje jeg mjer ekki fært að svo vöxnu máli og með hliðsjón af ráðherrabrjefi 25. maí 1880 að samþykkja neina niðurfærslu á því fyr en við næstu ábúandaskipti.

14 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um skýrslur
13. febr. um vegabætur á hreppavegum. — Þar sem þjer, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi 30. nóvember f. á. hafið borið upp þá fyrirspurn, hvort niðurlagsákvörðun 5. greinar í lögum um vegina á Íslandi 15. október 1875 sje eigi svo að skilja, að skýrslur um vegagjörðir á hreppavegum að eins skuli sendar sýslunefndunum og að þær eigi þurfi að fara lengra, vil jeg tjá yður, að þessari fyrirspurn yðar ber að svara með jákvæði.